STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1977

Nr. 58. 192 24. október 1977.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23 10. maí 1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laganna (sbr. 6. gr. l. nr. 23/1977) orðist svo:

Kjaradómur tekur kjaradeilur til meðferðar samkvæmt 14. gr. Hann leitar sátta en kveður upp dóm um ágreiningsefni aðalkjarasamnings eigi síðar en viku fyrir lok uppsagnarfrests.

Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó fresta dómsuppkvaðningu fram yfir þennan tíma, þó ekki lengur en tvær vikur í senn. Ósk um slíkan frest skal koma fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

2. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna (sbr. 1. mgr. 7. gr. l. nr. 23/1977) orðist svo:

Kjaradómur skal hafa kveðið upp dóm um ágreining um sérkjarasamninga eigi síðar en mánuði eftir lok uppsagnarfrests eða gerð aðalkjarasamnings, hvort sem síðar reynist. Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó lengja þennan frest um einn mánuð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. um tveggja vikna fyrirvara að frestun dómsuppkvaðningar skal Kjaradómi heimilt að fresta dómsuppkvaðningu skv. 1. gr. í þeim málum þar sem dómur skal hafa gengið í október 1977, þótt fyrirvara þessum sé ekki fullnægt, enda sé ákvæðum 1. gr. fullnægt að öðru leyti.

Gjört í Reykjavík 24. október 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Stjórnartíðindi A 10, nr. 58. Útgáfudagur 25. október 1977.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.